



ERINDISBRÉF

verkefnaráð

Ábyrgðarmaður: Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Inngangur:

Verkefnaráð er formlegt ráð innan þjónustu- og nýsköpunarsviðs sem hefur það hlutverk að samræma, styðja og hafa eftirlit með verkefnum sem stýrt er innan sviðsins. Verkefni sem eru unnin innan sviðsins koma þvert frá sviðum borgarinnar. Ráðið tryggir að verkefni séu í samræmi við stefnu sviðsins og borgarinnar, að þeim sé forgangsraðað á skilvirkan hátt og unnin samkvæmt viðurkenndum aðferðum og verklagi. Helstu ástæður þess að það sé starfandi verkefnaráð innan sviðsins er að auka yfirsýn og stýringu verkefna, tryggja samræmda framkvæmd verkefna og notkun á stöðluðum verkfærum og ferlum. Aukinn stuðningur skapast við starfsfólk og nýting auðlinda er háværkuð á sama tíma og áhætta er lágværkuð í verkefnum. Vönduð ákvarðanatöku er tryggð og skýr og áreiðanleg innsýn skapast í verkefnum.

Hlutverk:

Verkefnaráð passar uppá að rétt verkefni séu valin og að fjármunum sé varið á skynsamlegan hátt, er gagnsætt í ákvarðanatöku og setur skýr viðmið við val verkefna. Verkefnaráð notar stefnumiðaða forgangsraðun við val verkefna, þar sem slík aðferðafræði kemur í veg fyrir huglægt mat aðila. Verkefnaráð fylgir ákveðnu ferli, en með því næst að miðla markmiðum og ávinningi verkefna og halda verklagi samræmdu og þannig næst betri árangur.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Forgangsraðar verkefnum.
- Samþykkir og hafnar tillögum að verkefnum.
- Ber ábyrgð á fjármögnun verkefna.
- Fylgist með stöðu verkefna.
- Leitar lausna á hindrunum og bregst við ef þörf er á.

Verkefnaráð skipa:

Sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs
Skrifstofustjóri skrifstofu þjónustu og umbreytinga
Skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur
Skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu

Verkefnaskrárstjórar verkefnaráðs:

Eva Björk Björnsdóttir og Harpa Atladóttir

Starfstími:

Verkefnaráð er skipað til 12 mánaða. Í september ár hvert er hlutverk og samsetning verkefnaráðs endurmetin.



Reykjavík, 20. ágúst 2025

Óskar J. Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Reykjavík